

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1481  
komudagur 22. 3. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að kanna leiðir til að jafna lífskjör fólks og rekstrar- og samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni 507. mál.**

Vandi dreyfbýlisverslunarinnar og samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni er ekki ný til kominn. Segja má að hagur neytenda á mörgum stöðum á landsbyggðinni hefur þó batnað með tilkomu verslunarkeðja, eins og með mat- og hreinlætisvörur, lyf og byggingavörur, enda yfirlýst stefna keðjanna að selja á sama verði hvar sem er á landinu.

Það er þó ljóst að vandamál í minnstu byggðarlögunum eru með þeim hætti að Neytendasamtökin hafa talið að leysa þurfi þau með sérstökum aðgerðum. Raunar lögðu samtökin fram tillögur til úrbóta í nokkurra ára gamalli skýrslu sem þáverandi viðskiptaráðherra gaf út um "Vanda dreifbýlisverslunarinnar". Raunar vildu Neytendasamtökin ganga lengst í stuðningi við dagvöruverlsun í allra minnstu byggðarlögunum.

Einnig hafa Neytendasamtökin áður lagt til skipan nefndar til að kanna ítarlega vöruverð hér á landi og hvaða þættir spila þar einkum inn í. Slík könnun gæti reynst gagnleg til að ná því fram sem þingsályktunartillagan stefnir í raun að, að styrkja samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Það er þó ljóst að aldrei verður hægt að jafna samkeppnisstöðu og vöruverð að fullu á landinu öllu og spila þar inn í mörg atriði og grípa þyrfti þá til ýmissa sértækra aðgerða til þess og sem tillagan gerir ekki ráð fyrir.

Vissulega hækka þungaskattar vöruverð og getur einnig skert rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Neytendasamtökin hafa efasemdir um að skattlagning með þugnaskatti sé réttlát og að finna megi aðra betri leið. Einnig eru samtökin sammála um að í Noregi hafa verið farið að mörgu athyglisverðar leiðir og sem vert er að skoða hvort ekki gætu hentað hér,

allavega í sumum tilvikum. Það er jafnframt nauðsynlegt að fjalla um meira en þungaskattinn einan sér, fleiri leiðar koma til greina.

Neytendasamtökin lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í nefnd þeirri sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og mæla með því að tillagan verði samþykkt.

Beðist er velvirðingar á að hve dregist hefur að senda þessa umsögn, en þess er vænst að hún fái nauðsynlega skoðun.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

---

Jóhannes Gunnarsson, formaður